?

Umsjón: Halla Jónsdóttir

LAUGARDAGUR

AUSTURBÆJARBÍÓ: Í nautsmerkinu (I Tyrens Tegn), kl. 5, 7, 9 og 11. Bönnuð innan 16 ára. NAFNSKÍRTEINI.
BÆJARBÍÓ: Reykur og bófi (Smokey and the Bandit) kl. 9.
GAMLABÍÓ: Telefon, leikstjóri, Don Siegel, aðalhlutverk: Charles Bronson og Lee Remick. Sýnd kl. 5, 7 og 9. Bönnuð innan 14 ára.
HAFNARBÍÓ: Kvenfólkið framar öllu, kl. 3, 5, 7, 9 og 11. Bönnuð innan 16 ára.
HAFNARFJARÐARBÍÓ: Caruso, kl. 9.
HÁSKÓLABÍÓ: Svört tónlist, aðalhlutverk: Roger E. Mosley og Janes E. Brodhead. Tónlist útsett af Fred Karlin.
LAUGARÁSBÍÓ: Allt í steik, leikstjóri: John Landis, kl. 5, 7, 9, og 11. Bönnuð innan 16 ára.
NÝJABÍÓ: Afríka express(Africa express) aðalleikarar: Giuliano Gemma, Ursula Andress og Jack Palance, kl. 5, 7 og 9.
STJÖRNUBÍÓ: Taxi driver, aðalhlutverk Peter Boyle, Albert Brooks, kl. 5 og 9,15. Hjarta er tromp (Hjerter er Trumf), leikstjóri Lars Brydesen, aðalhlutverk Lars Knutzon, Ulla Gottlieb og Morten Grunwald, kl. 7,10. Bönnuð innan 14 ára.
TÓNABÍÓ: Færðu mér höfuð Alfredo Garcia (Bring me the head of Alfredo Garcia), leikstjóri: Sam Peckinpah, aðalhlutverk: Warren Oates, Iseela Vega og Kris Kristoferson, kl. 5, 7.10 og 9.15. Bönnuð innan 16 ára.

SUNNUDAGUR

AUSTURBÆJARBÍÓ: Í nautsmerkinu (I Tyrens Tegn), kl. 5, 7, 9 og 11. Bönnuð innan 16 ára. NAFNSKÍRTEINI.
BÆJARBÍÓ: Reykur og bófi (Smokey and the Bandit) kl. 9.
GAMLABÍÓ: Telefon, leikstjóri, Don Siegel, aðalhlutverk: Charles Bronson og Lee Remick. Sýnd kl. 5, 7 og 9. Bönnuð innan 14 ára.
HAFNARBÍÓ: Kvenfólkið framar öllu, kl. 3, 5, 7, 9 og 11. Bönnuð innan 16 ára.
HAFNARFJARÐARBÍÓ: Caruso, kl. 9.
HÁSKÓLABÍÓ: Svört tónlist, aðalhlutverk: Roger E. Mosley og Janes E. Brodhead. Tónlist útsett af Fred Karlin.
LAUGARÁSBÍÓ: Allt í steik, leikstjóri: John Landis, kl. 5, 7, 9, og 11. Bönnuð innan 16 ára.
NÝJABÍÓ: Afríka express(Africa express) aðalleikarar: Giuliano Gemma, Ursula Andress og Jack Palance, kl. 5, 7 og 9.
STJÖRNUBÍÓ: Taxi driver, aðalhlutverk Peter Boyle, Albert Brooks, kl. 5 og 9,15. Hjarta er tromp (Hjerter er Trumf), leikstjóri Lars Brydesen, aðalhlutverk Lars Knutzon, Ulla Gottlieb og Morten Grunwald, kl. 7,10. Bönnuð innan 14 ára.
TÓNABÍÓ: Færðu mér höfuð Alfredo Garcia (Bring me the head of Alfredo Garcia), leikstjóri: Sam Peckinpah, aðalhlutverk: Warren Oates, Iseela Vega og Kris Kristoferson, kl. 5, 7.10 og 9.15. Bönnuð innan 16 ára.

Tónleikar

Sumartónleikar í Skálholtskirkju

Um helgina halda Manuela Wiesler flautuleikari og Helga Ingólfsdóttir semballeikari tónleika í Skálholtskirkju. Á efnisskrá þeirra er gömul og ný tónlist; m.a. tvær sónötur eftir Johann Joachim Quantz, ennfremur „Ákall" eftir franska tónskáldið André Jolivet, en hann lézt á síðasta ári. Á þessum tónleikum flytja þær Manuela og Helga einnig tvö íslenzk verk; „Frumskóga" fyrir sembal eftir Atla Heimi Sveinsson og „Sumarmál" eftir Leif Þórarinsson, en verk Leifs var samið sérstaklega fyrir þessa tónleika.

Á Skálholti hafa verið haldnir sumartónleikar með svipuðu sniði í nokkur ár. Tónleikarnir eru á laugardögum og sunnudögum kl. 15.00 og er aðgangur ókeypis.

Söngvaka í Norræna húsinu

Félag íslenzkra einsöngvara efnir til söngvöku í Norræna húsinu í kvöld klukkan níu. Fram koma kvæðamennirnir Njáll Sigurðsson og Magnús Jóhannsson ásamt söngvurunum Þórunni Ólafsdóttur, Garðari Cortes og Guðrúnu Tómasdóttur. Ólafur Vignir Albertsson pianóleikari leikur.

Flutt verða rímnalög, íslenzk þjóðlög og sönglög. Fyrir útlendinga verða skýringar á milli á ensku og norðurlandamáli. Allir eru velkomnir en þó er vakan miðuð fyrst og fremst við útlendinga og gesti Íslendinga.

Aðalfundir

Aðalfundur

Vélbátaábyrgðarfélagsins Heklu verður haldinn að Hótel Selfossi, Selfossi, laugardaginn 29. júlí nk. kl. 13.00. Dagskrá samkvæmt félagslögum.

Tilkynningar

Námsmenn erlendis

Sumarráðstefna Sambands íslenzkra námsmanna erlendis, verður haldin í Félagsstofnun stúdenta, laugardaginn 29. júlí kl. 13. Dagskrá samkvæmt lögum. Athygli skal vakin á að hin nýja staða í lánamálunum verður reifuð. Fundargögn liggja frammi á skrifstofu SÍNE í Félagsstofnun.

Svæðameðferð á Akureyri

Næstkomandi föstudagskvöld og laugardag, 28.—29. júlí efnir Rannsóknastofnun vitundarinnar til fyrsta námskeiðs í svæðameðferð utan Reykjavíkur. Svæðameðferð er heilsuræktaraðferð skyld nálarstungu aðferðinni og er námskeiðið bæði verklegt og fræðilegt. Í september nk. verður námskeiðum í svæðameðferð haldið áfram í Reykjavík og gefst þá einnig Akureyringum kostur á því að sækja framhaldsnámskeið í meðhöndlunar aðferð þessari. Námskeiðið hefst kl. 21. á föstudagskvöld á Hótel KEA og stendur yfir frá kl. 9—17 næsta dag. Þeir sem áhuga hafa geta haft samband við Hótel KEA eða við Rannsóknastofnun vitundarinnar í Reykjavík.

Unglingameistaramót Íslands

fer fram á Selfossi 12 og 13. ágúst, **ef næg þátttaka fæst.** Keppt er í eftirtöldum greinum:
Fyrri dagur:
100 m hlaup — kúluvarp — hástökk — 110 m grindahlaup — langstökk — 1500 m hlaup — spjótkast — 400 m hlaup — 4 × 100 m boðhlaup.
Seinni dagur:
200 m hlaup — kringlukast — stangarstökk — 3000 m hlaup — sleggjukast — 800 m hlaup — þrístökk — 400 m grindahlaup — 1000 m boðhlaup.
ATH. 2000 m hindrunarhlaup mun fara fram síðar.
Þátttökutilkynningar berist fyrir **8. ágúst** á skrifstofu HSK, sími 99-1189.

Hestamót Skagfirðinga


á Vindheimamelum verður um verzlunarmannahelgina og hefst kl. 14.00 á laugardag.
Keppnisgreinar:
250 m skeið. 1. verðlaun 150 þús. krónur.
250 m stökk. 1. verðlaun 40 þús. krónur.
350 m stökk. 1. verðlaun 60 þús. krónur
800 m stökk. 1. verðlaun 70 þús. krónur.
800 m brokk. 1. verðlaun 30 þús. krónur.
Auk þess áletraðir verðlaunapeningar á fyrstu hrossin í hverju hlaupi. Meðverðlaun eru veglegir minjagripir. Gæðingakeppni í A og B flokki. Frjáls sýningaraðferð. Verðlaun eru eignarbikar og farandgripir.
Unglingakeppni 10—16 ára.
Þátttaka tilkynnist Sveini Guðmundssyni Sauðárkróki fyrir miðvikudagskvöld 2. ágúst.

Hestaþing Loga

verður haldið á skeiðvelli félagsins við Hrísholt, sunnudaginn 6. ágúst.
Dagskrá:
Góðhestakeppni í A og B flokki.
250 m skeið.
250 m unghrossahlaup.
300 m stökk.
300 m brokk.
Unglingakeppni.
Þátttökutilkynningar berist í síðasta lagi miðvikudaginn 2. ágúst til Gísla Guðmundssonar, Torfastöðum eða Péturs Guðmundssonar, Laugarási, sími um Aratungu.

Þjóðhátíð — Vestmannaeyjar

tilboð óskast í eftirtalda aðstöðu á þjóðhátíð Vestmannaeyja dagana 4., 5., og 6. ágúst. Öl og pylsur. Tóbak og sælgæti. Ís og poppkorn og veitingasölu. Tilboð skulu hafa borizt Íþróttafélaginu Þór fyrir 26. júlí og verða tilboð opnuð kl. 13 í skrifstofu Þórs í félagsheimilinu. Allar nánari upplýsingar hjá Herði Jónssyni í síma 98-1860.



Tvær sýningar að Kjarvalsstöðum

Margrét Reykdal opnar málverkasýningu sína að Kjarvalsstöðum í dag, föstudag, kl. 18. Margrét er fædd 22. júlí 1948. Árið 1968 hóf hún nám við Statens Kunstakademi í Oslo og lauk þar samtals fimm ára námi árið 1976. Auk þess tók hún próf í listasögu við Oslóarháskóla árið 1971 og lauk hún jafnframt prófi frá Statens Lærerskole í Forming, Oslo árið 1974. Margrét tók þátt í samsýningu FÍM árið 1973. Árið 1974 hélt hún einkasýningu í Hamragörðum í Reykjavík og hefur hún tekið þátt í samsýningum í Oslo og Stavanger. Sýningin stendur til sunnudagsins 6. ágúst.



Friðrik Þór Friðriksson og Steingrímur Eyfjörð Kristmundsson opna sýningu á Kjarvalsstöðum laugardaginn 29. júlí kl. 2. Friðrik og Steingrímur sýndu í vor saman í Galleri Suðurgötu 7. Og má líta á þessa sýningu sem beina afleiðingu þeirrar sýningar, þó yrkisefni séu ólík. Verkin eru unnin með margvíslegum efnum, m.a. olíu á striga, ljósmyndum, teikningum og í tré. Friðrik og Steingrímur eru meðal stofnenda Galleris Suðurgötu 7 og ritstjórar tímaritsins Svart á hvítu. En þriðja hefti ritsins, sem er nýútkomið, verður selt á sýningunni á Kjarvalsstöðum. Sýningin stendur til 8. ágúst og er opin kl. 2—10 um helgar en kl. 4—10 virka daga. Flest verkin eru til sölu.

ÚTVARP NÆSTU VIKU

Útvarp

Laugardagur 29. júlí

7.00 Veðurfregnir. Fréttir.
7.10 **Létt lög og morgunrabb.**
7.55 **Morgunbæn.**
8.00 **Fréttir.** 8.10 Dagskrá. 8.15 Veðurfr. Forustugr. dagbl. (útdr.). 8.35 **Af ýmsu tagi:** Tónleikar.
9.00 Fréttir. Tilkynningar.
9.15 **Óskalög sjúklinga:** Kristín Sveinbjörnsdóttir kynnir. (10.00 Fréttir. 10.10 Veðurfregnir).
11.20 **Ég veit um bók:** Sigrún Björnsdóttir tekur saman þátt fyrir börn og unglinga, 10—14 ára.
12.00 Dagskrá. Tónleikar. Tilkynningar.
12.25 Veðurfregnir. **Fréttir.** Tilkynningar. Tónleikar.
13.30 **Brotabrot.** Einar Sigurðsson og Ólafur Geirsson sjá um þáttinn.
16.00 Fréttir.
16.15 Veðurfregnir.
16.20 **Vinsælustu popplögin.** Vignir Sveinsson kynnir.
17.00 **„Að eiga skáld", smásaga eftir Björn Bjarman.** Höfundur les.
17.20 **Tónhornið.** Stjórnandi: Guðrún Birna Hannesdóttir.
17.50 Söngvar í léttum tón. Tilkynningar.
18.45 Veðurfregnir. Dagskrá kvöldsins.
19.00 **Fréttir. Fréttaauki.** Tilkynningar.
19.35 **Kappróður á Ólafsvöku.** Ragnvald Larsen formaður Færeyingafélagsins í Reykjavík og Schumann Didriksen kaupmaður segja frá.
20.05 **Færeysk tónlist.** a. Annika Hoydal syngur barnagælur. b. Sumbingar kveða danskvæði.
20.35 **Kalott-keppnin í frjálsum íþróttum í sænsku borginni Umeå.** Hermann Gunnarsson lýsir keppni Íslendinga við íbúa norðurhéraða Noregs, Svíþjóðar og Finnlands; — fyrri dagur.
21.20 **Atriði úr óperettunni: „Syni keisarans" eftir Franz Lehár.** Rudolf Schock, Renata Holm og fl. syngja ásamt kór Þýzku óperunnar í Berlín. Sinfóníuhljómsveitin í Berlín leikur. Stjórnandi: Robert Stolz.
22.05 **Allt í grænum sjó.** Umsjónarmenn: Hrafn Pálsson og Jörundur Guðmundsson.
22.30 Veðurfregnir. Fréttir.
22.45 **Danslög.**
23.50 Fréttir. Dagskrárlok.

Sunnudagur 30. júlí

8.00 Fréttir.
8.05 **Morgunandakt.** Séra Pétur Sigurgeirsson vígslubiskup flytur ritningarorð og bæn.
8.15 Veðurfregnir. Forustugreinar dagblaðanna (útdr.).
8.35 **Létt morgunlög.** Tom Kines, Louise Forestier o.fl. syngja þjóðlög frá Kanada og Jimmy Shand og hljómsveit leika skozka dansa.
9.00 **Dægradvöl.** Þáttur í umsjá Ólafs Sigurðssonar fréttamanns.
9.30 **Morguntónleikar.** (10.00 Fréttir. 10.10 Veðurfr.) a. Tónverk eftir Joseph Bodin de Boismortier og Samuel Scheidt. Musica Dolce hljómsveitin leikur á blokkflautur. b. Tónlist eftir Fernando Sor, Guido Santorsola og Heitor Villa-Lobos. Louise Walker leikur á gítar. c. Pianósónötur op. 81a, „Les Adieux", og í e-moll op. 90 eftir Beethoven. Emil Gilels leikur. (Frá Beethoven-hátíðinni í Bonn 1977).
11.00 **Messa í Skálholtsdómkirkju (hljóðrituð á Skálholtshátíð 23. júlí).** Biskup Íslands, herra Sigurbjörn Einarsson, prédikar og þjónar fyrir altari ásamt séra Guðmundi Óla Ólafssyni. Skálholtskórinn syngur. Lárus Sveinsson og Jón Sigurðsson leika á trompeta. Organleikari: Haukur Guðlaugsson. Söngstjóri: Glúmur Gylfason.
12.15 Dagskrá. Tónleikar.
12.25 Veðurfregnir. **Fréttir.** Tilkynningar. Tónleikar.
13.30 **Fjölþing.** Óli H. Þórðarson stjórnar þættinum.
15.00 **Miðdegistónleikar.** Sinfónía nr. 9 í C-dúr eftir Franz Schubert. Sinfóníuhljómsveit útvarpsins í Hamborg leikur; Bernard Klee stj. (Hljóðritun frá útvarpinu í Hamborg).
16.00 Fréttir. 16.15 Veðurfregnir.
16.20 **Heimsmeistaraeinvígið í skák á Filippseyjum.** Jón Þ. Þ. Þór greinir frá fyrstu skákunum milli heimsmeistarans Karpovs og áskorandans Kortsnojs.
16.50 **Kalott-keppnin í frjálsíþróttum í sænsku borginni Umeå.** Hermann Gunnarsson lýsir keppni Íslendinga við íbúa norðurhéraða Noregs, Svíþjóðar og Finnlands; síðari dagur.
17.35 **Létt tónlist.** Art Tatum leikur á píanó og hljómsveit Alfreds Hause og Norska útvarpshljómsveitin leika; Øivind Berg stjórnar. Tilkynningar.
18.45 Veðurfregnir. Dagskrá kvöldsins.
19.00 **Fréttir.** Tilkynningar.
19.25 **Þjóðlífsmyndir.** Jónas Guðmundsson rithöfundur flytur þriðja þátt.
20.00 **Íslenzk tónlist.** a. Lög eftir Ingibjörgu Þorbergs. Ólöf Kolbrún Harðardóttir syngur; Guðmundur Jónsson leikur á píanó. b. „Rórill", kvartett fyrir flautu, óbó, klarínettu og bassaklarínettu eftir Jón Nordal. Jón H. Sigurbjörnsson, Kristján Þ. Stephensen, Gunnar Egilson og Vilhjálmur Guðjónsson leika.
20.30 **Útvarpssagan: „Maria Grubbe" eftir J. P. Jacobsen.** Jónas Guðlaugsson þýddi. Kristín Anna Þórarinsdóttir les (2).
21.00 **Stúdíó II.** Tónlistarþáttur í umsjá Leifs Þórarinssonar.
21.55 **Framhaldsleikrit: „Leyndardómur leiguvagnsins" eftir Michael Hardwick** byggt á skáldsögu eftir Fergus Hume. Fimmti þáttur. Þýðandi: Eiður Guðnason. Leikstjóri: Gísli Alfreðsson. Persónur og leikendur: Brian Fitzgerald...Jón Gunnarsson. Duncan Calton...Rúrik Haraldsson. Frú Sampson...Jóhanna Norðfjörð. Sally Rawlins...Helga Þ. Stephensen. Madge Frettleby...Ragnheiður Steindórsdóttir. Chinston læknir...Ævar R. Kvaran. Sam Corby rannsóknarlögreglumaður.... Jón Sigurbjörnsson. Rafael lyfsali...Steindór Hjörleifsson. Jósep varðstjóri...Bjarni Steingrímsson.
22.30 Veðurfregnir. Fréttir.
22.45 **Kvöldtónleikar: Frá Listahátíð í Reykjavík í vor.** Sinfóníuhljómsveit Íslands leikur. Einleikari: Mstislav Rostropovitsj. Hljómsveitarstjóri: Vladimir Ashkenazý. Konsert í h-moll fyrir selló og hljómsveit op. 104 eftir Antónín Dvorák. — (Hljóðritað í Laugardalshöll 6. júní).
23.30 Fréttir. Dagskrárlok.